

Óttar Kjartansson:

Saga Himnaríkis

Sumarið 1940 byggðu sex ungir og galvaskir menn lítinn skíðaskála í um 560 m hæð í Bláfjöllum, upp af Bláfjallagili í Jósefsdal. Mannvirki þetta nefndu þeir Himnaríki, sem það áreiðanlega var í þeirra huga. Egill Kristbjörnsson, einn fullhuganna, varðveitir aðal gestabók skálans. Gestabókin, rabb við Egil og félag hans fyrrum, Hörður Þorgilsson og Árna Kjartansson, varð kveikja að því að eftirfarandi punktar voru settir á blað.



Vordagur í Himnaríki. Heimamenn og gestir. (Mynd úr fórum Harðar Þorgilssonar).

Hugmynd gerð að veruleika

Sexmenningarnir voru allir félagar í Skíðadeild Ármanns sem um þessar mundir hafði gert Jósefsdal að vetrarparadís fyrir sig og sína og rak þar reisulegan skíðaskála, byggðan 1936. Í Jósefsdal lærðist félögunum sex að meta dýrð Bláfjalla og þeir vildu ævintýri. Þeim kom í hug að byggja skála, sitt eigið himnaríki, uppi á háfjalli og sú hugmynd varð fljótlega meira en orðin tóm. Seint um haustið 1940 höfðu ungu mennirnir komið skálanum upp og þá var orðið tímabært að festa á blað samning eða hæfilega alvörugefin “lög” um klíkuna eða Skíðaskálafélagið K-ið.* Þennan gerning, 20 málsgreinar, staðfestu félagarnir 1. desember 1940. Lög þessi snerust fyrst og fremst um rekstur skálans, sem nú nefndist Himnaríki, réttindi og skyldur félagsmanna, umgengnisreglur og annað slíkt. Félagsmenn (eigendur skálans) skyldu vera sex talsins - hvorki fleiri né færri. Til rekstrar og viðhalds skálans skyldi hver þeirra greiða 24 krónur á ári. Eignarhlutur hvers þeirra í skálanum var metinn á 500 krónur árið 1940.

Sexmenningarnir

Félagarnir sex, allir úr Reykjavík, skráðu sig eins og hér fer á eftir í gestabók Himnaríkis (fyrsta skráningin) 20. október 1940. Ártöl í hornklofum eru viðbót höfundar:

Sveinn M. Ólafsson [1912-1963], Fjölnisvegi 11, formaður Himnaríkis
Egill Kristbjörnsson [f. 1916], Laugavegi 58 b, gjaldkeri Himnaríkis
Skarphéðinn Jóhannsson [1914-1970], Skothúsvegi 7, ritari Himnaríkis
Hörður Þorgilsson [f. 1923], Lindargötu 32
Eyjólfur S. Einarsson [1919-2004], Laugavegi 142
Bjarni Ágúst Ágústsson Mæhle [1912-2002], Spítalastíg 8

Skíðamennska og starfið í Ármanni tengdi félagana saman þótt bakgrunnur þeirra væri með ýmsu móti eins og verða vill: Sveinn var lengst af fastur starfsmaður Viðtækjaverslunar ríkisins. Egill varð ungur starfsmaður Gasstöðvarinnar í Reykjavík og iðnlærður gaslagnaður. Síðar gerðist hann starfsmaður Reykjavíkurborgar og loks Tryggingastofnunar ríkisins. Skarphéðinn varð nafnkunnur arkitekt og að sjálfsögðu hannaði hann Himnaríkið. Hörður varð múrarameisteri og Eyjólfur múrari langa starfsævi. Bjarni kom frá Noregi,

* K-ið kom til vegna þess að farið var að kalla þá sexmenninga “klíkuna” þegar þeir tóku að hrinda þessari geggjúðu hugmynd sinni í framkvæmd.

garðyrkjumaður að iðn. Hann varð starfsmaður Bernhard Petersen um tíma og vann síðan lengi hjá Reykjavíkurborg.

Árið 1944 keypti skíðakappinn og Ármennigurinn Árni Kjartansson (f. 1922) hlut Sveins M. Ólafssonar í Himnaríki. “Þá var maður hvort sem er kominn inn á gafl hjá þeim, þeir samþykktu mig og ég borgaði Sveini hans hlut – 500 kallinn”, segir Árni um það. Frá öndverðu hafði hann í raun verið félagi og hjálparhella þeirra Himnaríkismanna. Hann gisti oft hjá þeim og á árunum 1942 til 1944, á meðan skáli Ármanns í Jósefsdal var í endurbyggingu eftir bruna í ársbyrjun 1942, skokkuðu nokkrir Ármenningar ávallt á kvöldin upp í Himnaríki til að þiggja þar gistingu.

Bygging Himnaríkis

Haustið 1939 skall á styrjöld í Evrópu og hingað ruddust Bretar vorið 1940 og tóku landið herskildi sem kunnugt er. Uggur lá í lofti um að Þjóðverjar undirbyggju innrás hér á landi, vöruskortur varð og almennar neysluvörur voru skammtaðar. Þetta andrúmsloft hafði þó ekki áhrif á athafnasemi Ármenninga. Skíðadeildin var iðin við framkvæmdir í Jósefsdal þetta sumar og fór þangað reglulegar vinnuferðir. Þessar ferðir nýttu sexmenningarnir oft þegar þeir héldu upp í Bláfjöll til skálasníða. Einnig notuðu þeir í þetta verkefni Ford fólksbíl, árgerð 1931, sem þeir áttu nokkrir saman. Garparnir þurftu að hafa allar klær úti við að snapa saman byggingarefni í skálann. Það þurfti helst að fást ódýrt. Margt nýtilegt eignuðust þeir fyrir lítið eða fengu gefins. Efníð fluttu þeir í misstórum skömmtum og með ýmsum hætti upp undir Bláfjallagil í botni Jósefsdals. Í þeirri birgðastöð tóku þeir hver sinn skammt af byggingarefni á bakið og örkuðu með það eins og burðarjálkar upp skriðuna í Bláfjallagilinu og áfram inn að skálastæðinu þar sem þeir þokuðu smíðinni fram. Þar var svo unnið meðan dagur entist. Ef efni skorti var farin ferð í birgðastöðina. Ekki var álitlegt að gista uppi á fjallinu fyrsta kastið. Kapparnir skokkuðu því á kvöldin niður í Ármannsskála og náttuðu sig þar. Svona þjörkuðu þeir upp og niður Bláfjallagilið helgar og aðra lausa daga, ávallt hlaðnir varningi á uppleiðinni. Ósjaldan lögðu vinir þeirra og félagar hönd á plóg. Í skriðunni upp Bláfjallagilið myndaðist slóð eftir traðk félaganna. Þessi efnisburður upp að skálastæðinu, um 1,5 km veg og hækkun um 230 metra, kostaði marga svitadropa segir Egill Kristbjörnsson.



Þennan forlátu Ford árgerð 1931, R-367, áttu nokkrir félaganna saman. Hann nýttist til farþega- og efnisflutninga. Egill er hér við stýrið, aftast stendur Sveinn M. Ólafsson. Konan lengst til vinstri er ekki þekkt en hinar eru Fanney Halldórsdóttir og Helga Þorsteinsdóttir.

birgðastöðina. Ekki var álitlegt að gista uppi á fjallinu fyrsta kastið. Kapparnir skokkuðu því á kvöldin niður í Ármannsskála og náttuðu sig þar. Svona þjörkuðu þeir upp og niður Bláfjallagilið helgar og aðra lausa daga, ávallt hlaðnir varningi á uppleiðinni. Ósjaldan lögðu vinir þeirra og félagar hönd á plóg. Í skriðunni upp Bláfjallagilið myndaðist slóð eftir traðk félaganna. Þessi efnisburður upp að skálastæðinu, um 1,5 km veg og hækkun um 230 metra, kostaði marga svitadropa segir Egill Kristbjörnsson.



Sveinn og Egill hefja göngu upp í Himnaríki með þakjárn á herðum.



Sveinn og Skarphéðinn strita upp Bláfjallagilið með byggingarefni á öxlum.



Smíðin komin vel á veg:

Frá vinstri: Þórarinn Björnsson (gestur), Bjarni Ágústsson Mæhle, Egill Kristbjörnsson, Sveinn M. Ólafsson og Skarphéðinn Jóhannsson.

í húsinu, var kolakyntur ofn. Á honum stóð pottur, sem fylltur var snjó til bráðnunar. Þannig fékkst vatn til að hella uppá og í matseld. Í þíðu veðri mátti raunar safna þakvatni í tunnu sem stóð á hlaðinu. Enn einn möguleiki á að nálgast vatn var að sækja það í tjörn skammt framundan skálanum – ef hún var ekki botnfrosin. Skálinn varð hlýrri vistarvera en ætla mátti að óreyndu. Veggirnir voru að utan timburklæddir og þaktir tjörupappa. Innveggir voru klæddir trétexi. Milli þilja var svo sett “100% íslensk einangrun” segir Hörður Þorgilsson. Það var mosi sem þeir söfnuðu saman í nágrenninu og þurrkuðu. Framhlið hússins, gaflinn, klæddu þeir með flettum fisktrönuspírum sem gáfu bjálkaáferð. Áður er nefnt að félagarnir höfðu úti allar klær við að snapa saman torfengnu byggingarefni í skálann, það þurfti helst að fást ódýrt. Úr sundurleitu efni reis samt á fjallinu heilsteypt og snoturt hús.

Sem fyrr segir báru félagarnir sex allan efnivið og búnað í skálann á sjálfum sér upp um 230 metra torfæra brekku, um 1,5 km leið, inn að staðnum þar sem húsið reis. Það er ekki auðvelt að sjá fyrir sér allt það það: Venjulegur lítill sumarbústaður gæti vegið um 10 tonn segja fróðir menn. Hugsanlega hefur Himnaríki fullbyggt verið ámóta þungt. Sé miðað við það og gert ráð fyrir að hver garpanna hafi borið um 30 kg í ferð upp fjallið



Himnaríki nýreist haustið 1940. Myndin er líklega tekin 19. eða 20. október, þegar fyrsta gisting er skráð í gestabók skálans.

Skálann byggðu félagarnir í tveimur áföngum: Sumarið 1940 aðalhúsið, sem gæti hafa verið um 4x5 m eða um 25 m². Ári síðar bættu þeir við hliðarbyggingu, e.t.v. um 3x5 m eða um 15 m². Hún nýttist sem forstofa og geymsla. Á gaflí aðalhússins var einn níu rúðu gluggi. Innan við gluggann setkrókur og dálítið athafnarými en innar í húsinu svefnrými; tvær þriggja hæða koju-stæður, sín til hvorrar handar, alls sex svefnpláss, tvíbreið. Hver félaganna sex átti þannig sína eigin tvíbreiðu koju og gat því boðið gesti gistingu þegar svo bar undir. Við gaflinn, innst



Hörður Þorgilsson á góðum degi í Himnaríki haustið 1940. “Vígsludagurinn?” (Mynd úr fórum Harðar.)

hafa ferðirnar orðið vel yfir 300 eða liðlega 50 ferðir á mann. Raunar segir Hörður Þorgilsson í þessu sambandi að þegar á leið sumarið 1940 hafi þeir strákarnir verið orðnir svo stæltir að þeir létu sig ekki muna um að trítla upp Bláfjallagilið með 50 kg kolapoka á bakinu.

Samkvæmt gestabók skálans gistu kapparnir sex þar fyrst nóttina milli 19. og 20. október 1940 og voru þrjár konur gestir þeirra. Þá var skálinn orðinn íveruhæfur, eftir sumarlangt strit.

Gluggað í gestabók

Í skálanum voru tvær gestabækur í notkun. Önnur bókin, hin meiri, var höfð til hlés en hin, almenna bókin, lá frammi, opin þeim er ráku inn nefið í Himnaríki. Ekki er ljóst hvað varð um þá bók en hún væri girnileg til fróðleiks, ef hana væri einhversstaðar að finna.

Lárus Blöndal bóksali færði félögunum að gjöf gestabók hina meiri. Hún er í stóru broti, vegleg, sniðin fyrir gistihús, 53 opnur. Hana varðveitir Egill Kristbjörnsson, sem áður segir. Bókin er heil en ber merki sjö ára kaldrar vistar í Himnaríki. Í bókina skráðu félagarnir sig og gestir sem hjá þeim gistu eða komu sérstaklega í heimsókn. Bókin sýnir að kapparnir fengu talsvert margar heimsóknir upp í Himnaríki þau sjö ár sem það var við lýði og að næturgestir urðu stundum margir. Við bar að sofið var í hverjum króki og kima í skálanum og jafnvel í hliðarskúrnum. Bókin vitnar um að félagarnir iðkuðu skíðamennsku kappsamlega í himnaríki Bláfjalla þá stundir gaf. Þeir dvöldu þar ávallt á páskum, einnig á jólum og á gamlárskvöld var oft skotið flugeldum upp á næturhimininn. Í öftustu opnur bókarinnar hefur Egill fest inn talsvert margar ljósmyndir frá árunum í Himnaríki og fylgja nokkur sýnishorn þeirra þessu skrifi (ómerktar höfundu).

Komudagur	Fullt nafn og staða
4. 1944	Hermann Jónsson
"	Lynna Ljós. Hansen
- " -	Egill Kristbjörnsson
- " -	Margrét Ólafsdóttir
- " -	Hendrik Skjöldarson
- " -	Hyalo Jónsson
- " -	Blasundur Jónsson
- " -	Alfver H. Rasmussen
- " -	Vidur

Úr gestabókinni 1. apríl 1944.

Hér verður gestabók Himnaríkis ekki saumfarin, þótt tína mætti saman úr henni nokkurn lista yfir kunna menn sem þar knúðu dyra. Til gamans má þó nefna að 1. apríl 1944 heimsóttu Himnaríki þeir Hermann Jónsson, forsætisráðherra, og Agnar Kofoed Hansen, lögreglustjóri í Reykjavík. Þetta hafa verið gamansamir karlar því nú tók Agnar sig til og "lög-gilti" gestabókina góðu. Í bókinni, sem er gegnumþrædd og innsigluð, var sem sé óútfyllt löggildingarskjal. Agnari þótti skjalið tómlegt og fyllti það nú út reglum samkvæmt (eins og um lögskipaða gesta-

bók á hóteli væri að ræða) og áritaði í nafni síns háa embættis. Plagg þetta er nú skemmtilegur safngripur – eins og raunar gestabókin öll. Agnar Kofoed kom oftár í Himnaríki, til dæmis 28. apríl 1945 og þá í fylgd Guðmundar Einarssonar frá Miðdal.



Á góðum degi í Himnaríki. Frá vinstri: Egill Kristbjörnsson, Sveinn M. Ólafsson, Bjarni Ágústsson Mæhle, Guðmundur Guðmundsson (gestur) og Skarphéðinn Jóhannsson. Hér er hliðarskúrinn (forstofa og geymsla) kominn upp.

Endalokin

Skálinn Himnaríki stórskemmdist í ofviðri snemma árs 1948. Egill Kristbjörnsson kemur þar við þriðja mann 25. mars. Þá er skaðinn orðinn: Þakið fokið af í heilu lagi og horfið út í buskann. Síðast er ritað í gestabókina, að því er virðist, 28. mars. Einhver aðkomandi hefur þá ritað á spássíu: “hér er alt í niður nislú”.

Hörður Þorgilsson lýsir endalokunum þannig (efnislega): Þegar við fréttum um eyðilegginguna keyptum við efni, timbur og járn, í nýtt þak því að það fannst aldrei neitt af gamla þakinu. Fórum uppeftir, reistum nýtt þak og járnklæddum, en við höfðum gleymt að hafa með okkur sperrufestingar. Þær höfðu orðið eftir í bænum. Við ákváðum að fara strax um næstu helgi í lokafrágang. En þegar við komum þá upp í Himnaríki var nýja þakið fokið af í heilu lagi og lá við hliðina á skálanum. Þá varð samkomulag um það að nú væri þetta búíð.

Með öðrum orðum: “Kári” gaf félögunum ekki tóm til að ljúka endurbyggingunni og þeir ákváðu að gefa frekara framhald upp á bátinn. Raunverulegar ástæður þessa kunna að hafa verið fleiri: Þeir höfðu elst eins og lög gera ráð fyrir og eldmóðurinn var ef til vill ekki sá sami og sjó til átta árum fyrr. Stækkuð fjölskylda og daglegt brauðstrit kann að hafa ráðið nokkru hjá þeim sumum. En minningar um dýrðardaga í ríki Bláfjalla lifa enn ferskar í hugum gömlu félaganna Egils Kristbjörnssonar og Harðar Þorgilssonar, sem söguna segja.



Á þessari óglöggu mynd eru félagarnir allir sex og bera flosað K-merki, einkenni “klíkunnar”, í barmi. Aftari röð frá vinstri: Bjarni Ágústsson Mæhle, Egill Kristbjörnsson, Hörður Þorgilsson og Eyjólfur S. Einarsson. Fremri röð: Sveinn M. Ólafsson og Skarphéðinn Jóhannsson.

Eftirmáli - Himnaríki II

Fyrir er nefnt að Árni Kjartansson eignaðist hlut í skálanum Himnaríki árið 1944. Honum þótti tilveran dauflæg eftir að skálinn rústaðist 1948 og hann vildi athafnir. Fljótlega fékk hann til liðs við sig fimm féлага sína, allt frækna skíðakappa, og saman reistu þeir nýjan skála á hæð austanvert við gamla skálastæðið. Þennan skála tóku þeir í notkun í ársbyrjun 1951 og hann átti eftir að nýtast þeim í ein fimmtán ár eða vel það. Sögu hans lauk endanlega með því að hann eyðilagðist í ofviðri um eða upp úr 1970.

Nýi skálinn var áþekkur þeim gamla að stærð og lögun og félagarnir höfðu sama hátt á og fyrri skálasmiðir við byggingu hans; þeir báru allt efni á sjálfum sér neðan úr botni Jósefsdals. “Þetta var hörku þjálfun. Við bárum þetta 40, 50 kíló í ferð” segir Árni um það streð. Nýi skálinn nefndist ávallt Himnaríki eins og fyrri skálinn. “Það nafn kom bara af sjálfu sér, það var aldrei reynt að gefa honum annað nafn”, segir Árni.



Árni Kjartansson færir að efnivið í Himnaríki II árið 1949 eða 1950. (Mynd úr fórum Árna)

Fleiri nöfn þarna á svæðinu virðast hafa komið af sjálfu sér, ef svo má segja. Eftir að skálarnir tveir, Himnaríkin margnefndu, voru báðir úr sögunni, sýnist nafnið Himnaríki hafa færst yfir á sjálft svæðið eða hásléttuna ofan Bláfjallagilsins. Vera má að menn hafi um líkt leyti farið að nefna klettaklauf efst í Bláfjallagilinu Gullna hliðið. Það nafn “gengur vel upp” ef gert er ráð fyrir að Himnaríki sé sjálfur fjallasalurinn sem mætir augum þegar þrilað er um klaufina upp úr Bláfjallagilinu. Þá er sjálft nafnið Bláfjallagil sennilega ekki fornt. Ef til vill hefur það fyrst fengið nafnið um það leyti sem Ármenningar hófu að stunda skíðaíþrótt í Jósefsdalnum á árunum 1934-1935. Sama á líklega við um fleiri örnefni á þessu svæði svo sem Páskabrekku, Suðurgil, Hrafnagil, Bolla og Draumadal svo eitthvað sé nefnt. Þarft væri að rifja upp, skrá og staðsetja, örnefni í gamla skíðalandinu í Jósefsdal sem urðu til og notuð voru þá fjóra áratugi (ca 1935-1975) sem Ármenningar áttu þar vetrarparadís. Það væri verðugt verkefni fyrir gamla Ármenninga sem enn feta ofar foldu og muna ævintýrið.



Hörður Þorgilsson og Egill Kristbjörnsson rifja upp minningar frá árunum í Himnaríki. (Ljósm. 13. júní 2006: Óttar Kjartansson.)



Egill Kristbjörnsson við málverk af Himnaríki eftir Helga Óskarsson skipstjóra frá Siglufirði. Helgi var mikill skíðamaður og félagi Egils fyrr á árum. (Ljósm. 2. maí 2006: Óttar Kjartansson).



Þetta fallega líkan af Himnaríki, setti Egill Kristbjörnsson saman úr tannstönglum og öðru smágerðu smíðaeefni. Tvinnakefli nýttist t.d. sem efniviður í vatnstunnuna. (Ljósm. 2. maí 2006: Óttar Kjartansson).

Minningar úr Himnaríki




Egill virðir fyrir sér útsýni til suðvesturs af hlaðsteinum Himnaríkis.



Fannbarið Himnaríki.



Egill Kristbjörnsson var húsvörður (lyklapétur) Himnaríkis.
(Teiknari: Skarphéðinn Jóhannsson.)



Himnaríki innandyra.
(Teiknari: Skarphéðinn Jóhannsson.)

(Birtist í tímaritinu Skildi nr. 60, 6. tbl. 15. árg. 2006)